

Meistari Kjarval

eftir Elísabetu Gunnarsdóttur

Undanfarið hafa þúsundir manna komið á sýningu Kjarvals í nýja myndlistarhúsinu. Hér á landi er sjaldgæft að myndlistarsýningar séu svo fjölsóttar. Nýja húsið á að líkindum mjög óverulegan þátt í þessari aðsókn, þótt við Íslendingar séum mjög áhugasamir um nýbyggingar. Kjarval hefur nefnilega ekki þurft merkilegt húsnæði til að laða sýningargesti að verkum sínum. Á undanförunum árum hafa sýningar hans venjulega slegið öll aðsóknarmet.

En þannig hefur það ekki alltaf verið. Hér áður fyrr þótti það góð skemmtun að gera grin að Kjarval, og þannig vill það oft verða þegar einhver vikur af hinni troðnu slóð fjöldans, einkum ef sá hinn sami er nægilega sterkur og djarfur til að megna að hundsa þær háðsglósur sem óhjákvæmilega fylgja honum. Ef einhver veltur út fyrir vegarbrúna og fer í hundana, þá er það víti til varnaðar sem um leið nærir sjálfumgleði þeirra sem feta sig áfram slóð vanans. En ef einhver hafnar leiðum og markmiðum fjöldans og lætur sig aðkastid og ákúrnar engu skipta, en heldur ótraudur inn á sínar eigin brautir, þá vekur slíkt ótta og reiði hjá almenningi.

Opinn hugur opin augu

Það hefur aldrei þótt góð pólitík að fara inn á listabrautina: allt í lagi að dútla við að mála og skrifa í fristundum en athafnir listamannsins eru ekki taldar starf. Vinnan er guðs gjöf og hún göfgar manninn, og að velja sér listsköpun að ævistarfi er annaðhvort guðsafneitun eða klikkun. Kjarval var því talinn klikkaður guðsafneitari af löndum sínum fram yfir miðjan aldur. Það eina sem bjargaði mannorði hans var að hann hafði einu sinni verið til sjós. Lífinu bjargaði hann sjálfur, stundum með aðstoð traustra vina.

Á seinni árum er alltaf talað um Meistarana Kjarval og með miklum hátíðleika í röddinni. Þetta er mikil breyting: horfinn er þessi fátalíngur að austan og í staðinn komið aldráð óskabarn þjóðarinnar. Ef til vill tekur það alltaf langan tíma að vinna bug á tortryggni fólksins. Snillingar eiga helzt að vera dauðir. Nú er Kjarval dauður, en áður en hann dó tókst honum það sem engum hafði áður tekizt. Hann vakti fyrsta visinn að áhuga almennings hér á landi á myndlist og þar, eins og á öðrum sviðum, er byrjunin erfiðust. Þetta held ég að megi þakka honum meira en öllum öðrum samtímamönnum hans, að þeim ólöstuðum. Kjarval fékk fólk til að skoða myndlistarverk og að skoða þau með opnum huga. Hann kenndi jafnvel mörgum að líta í kringjum sig og sjá það sem þeir horfðu á. Einlægni hans og heidarleiki voru slík að hann komst inn úr skelinni á fólk. Um allt land og í öllum stéttum má finna fólk sem ekki aðeins dár hann og virðir sem mesta listamann þjóðarinnar, heldur lítur á hann sem einhvern sér nákominn, líkt og gamlan, elskulegan frænda sem það stendur í þakkaraskuld við og þykir vænt um.

Að visu var hann alltaf skrytni frændinn í þjóðarfjölskyldunni en í rauninni fyrirgafst honum allt

(eða að minnsta kosti flest), vegna þess að fólk skynjaði hversu hjartahreinn og hræsnislaus hann var. Ef við nú eftir á veltum fyrir okkur öllum þeim aragrúa sagna sem til eru um Kjarval, þá fer kannski að renna upp fyrir okkur, að í rauninni voru uppátæki hans hluti af list hans. Þau voru ekki sprottin af

Dæmin um svona sofandahátt eru mýmörg t.d. gamli Listamannaskálinn. Hann var opnaður 1943 og hafði þá verið lengi á döfinni, og þó að listamenn efndu til happdrættis til styrktar byggingunni, var hann aldrei fram-

þetta veglega hús, e.t.v. fyrir geymslur, enda er sú stofnun á hrakhólum með húsnæði.

Ómaginn á þjóðminjasafni

Og svo minnst sé á listasafnið, þar er enn eitt dæmið. Því var í upphafi sett merkileg reglugerð,

Kjarval fyrir austan

Núna er fleira að gerast í Kjarvalsmálum en á Klambatrúni.

Þann 6. apríl var opnuð í Valaskjálfi á Egilsstöðum sýning á málverkum, vatnslitamyndum og teikningum frá Austfjörðum eftir Kjarval. Sýning þessi er á vegum ýmissa héraðssamtaka fyrir austan og menntamálaráðs. Er fyrirhugað að hún fari víðar um Austurland. Ég hef að visu ekki séð þessa sýningu, en er þess fullviss að Kjarval stendur fyrir sínu eins og venjulega. Ég er ábyggilega ekki ein um það að vilja fá svona sýningu nær mér, svo að ég þurfi ekki að þeysa yfir fjöll og firnindi til að sjá hana. En þetta er nú einmitt það sem fólk utan höfuðborgarsvæðisins verður að gera, ef það vill komast á sýningar, tónleika eða annað slíkt. Það er því gleðilegt að nú virðist vera að komast einhver smáhreyfing á starfsemi „listar um landið“, því fram að þessu hefur hún mest megnis verið orðin tóm.


Myndlist og menning fyrir norðan

Ég átti þess kost um daginn að vera viðstödd eina þeirra listkyninga sem nýtur styrks frá menntamálaráði. Þetta var á Blönduósi og gekkst Samband austur-húsvetnskra kvenna fyrir kyningunni. Þessar konur byrjuðu reyndar á skipulagningu og framkvæmdum áður en þær höfðu nokkurn fjárhagsgrundvöll fyrir starfseminni. Stórhugur þeirra og atorka stakk undarlega í stúf við allt það hjál um „mikið átak“ og „merkan áfanga“ sem vant er að hafa uppi við svipuð tækifæri. Þetta var einhver ánægjulegasta og menningarlegasta samkoma sem ég hef verið viðstödd.

Þarna var m.a. sýning á um áttatiu verkum þrjátíu myndlistarmanna og arkitekta. Eyborg Guðmundsdóttir valdi verkin á sýninguna og var það mjög smekklega gert. Sýningin gaf nokkuð gott yfirlit yfir íslenska nútímamyndlist, þó þar vantaði næstum miðkynslóðina. Aftur á móti voru þarna verk mun yngri manna en venja er til að fá inni á svona yfirlitssýningum og sýnir það næsta óvenjulega viðsýni. Ennfremur sýnir það vel andann sem lá að baki þessari listkyningu, að einkunnarorð hennar voru eftir hinn forna, kinverska speking Lao Tse, en hugleiðingu um listir skrifaði Guðbergur Bergsson rithöfundur.

Greinilegt var að þarna skemmtu menn sér konunglega og þarna voru engin menningarleg hátíðlegheit. Fólk sem sjaldan hefur tækifæri til að hittast eða fara á samkomur, spjallaði saman og naut þess sem fram var borið og var alls ekki feimið við að segja sína skoðun á málunum. Þarna var líka urmull af börnum, sem oft vilja gleymast við slík tækifæri. Seinni dag listkyningarinnar var öllum börnum í báðum Húnavatnssýslunum, yfir 600 að tölu, boðið til Blönduóss þar sem flutt var fjölbreytt dagskrá.

Það væri kannski ráð að yfirvöld leituðu til þessara kvenna fyrir norðan næst þegar gera þarf stóratækni menningarmálum þjóðarinnar. Þær mundu svo sannarlega ekki glundra slíku verkefni niður. Og víða um land biða starfskraftar á borð við þær eftir verkefnum, eins og bezt sést á því að sýning sú sem þær komu á fót er nú á yfirreið um landið.



Kúbisminn í list Kjarvals: Bónorðið. 1920-30.

sýndarmennsku eða loddaraskap, og ef hann hefði ekki verið svona snemma á ferðinni hefðu þau verið kölluð happeningar eða uppákómur og klappað lof í löfa.

Listamannskáli: myndlistarhús

Í skrá þeirri sem gefin var út vegna Kjarvalssýningarinnar í Myndlistarhúsinu segir m.a.: „Alllangt er síðan umræður hófust um byggingu listasafns á vegum Reykjavíkurborgar“. Þetta hús var reist í tilefni áttræðisafmælis Kjarvals. Nú tæpum átta árum síðar er það vígt. Lengri tími er þó liðinn frá því að sú hugmynd kom fram að borgin þyrfti bráðnaðsýnlega að byggja svona hús. Kjarval hafði t.d. bent á það löngu áður og reyndar margir fleiri. Það er viðtekin venja hér að láta byggingarframkvæmdir og fjárveitingar í þágu menningarmála sitja á hakanum, loks þegar allt er komið í óefni er gefin úr margorð yfirlýsing á einhverjum hátíðisdegi um væntanlegar stórfamkvæmdir. Síðan er sofið enn um hríð.

tíðarhúsnæði. Að lokum var hann orðinn svo fúinn, að sýningargestir áttu á hættu að stiga niður úr gólfinu, og þá ofan á útigangsmenn bæjarins sem sett höfðu að undir húsinu. Þegar svo var komið, var haldin happdrættissýning á verkum Kjarvals 1965, og borgarráð samþykkti byggingu nýs myndlistarhúss.

Árið 1943 samþykkti alþingi að láta reisa „íbúðarhús og sýningarsal“ handa Kjarval, en það hús var aldarfjórðung í smíðum. Kjarval bjó þar aldrei, enda virðist sem það hafi frekar verið byggt yfir mann sem lifir á því að halda kokteilboð en að skapa myndlist. Aldrei hefur verið gefið upp hvað þetta hús kostaði, en fróðir menn hafa sagt mér að fyrir það hefði mátt kaupa þó nokkrar snortar og rúmgóðar íbúðir fyrir listamenn til að lifa í og starfa. Árið 1970, á listahátíð, var í húsi þessu haldin sýning á mannamyndum eftir Kjarval síðan frusu í því vatnslagnir og eyðilögðu eitthvað af parkettgölfunum og nú er víst búið að afhenda það listasafninu. Ekki er vitað til hvers safnið ætlar að nota

sem aldrei hefur verið framfylgt nema að mjög litlu leyti. Síðan var því holað niður hjá þjóðminjasafninu eins og hverjum öðrum hreppsómaga.

Þjóðminjasafnið hefur fulla þörf fyrir allt sitt hús og jafnvel meira til, ef það á að geta rækt ætlunarverk sitt. Þar á ofan hefur húsnæði þessara safna verið í mikilli niðurniðslu, það lekur, vatn hefur jafnvel komizt í geymslur. En nú er líka búið að samþykkja hátíðlega að flytja Listasafn Íslands í fyrrverandi ís- og danshús, svo að það geti farið að standa í stykkinu, þjóðminjasafnið að blómgastr og unglíngarnir séu ekki alltaf að þvælast úti á kvöldin, en séu góðu börnin heima hjá sér.

Það er líka tími til kominn, því nú eru liðin fjórtán ár síðan Kjarval afsalaði sér þeirri fjárupphæð sem ríkið ætlaði til Kjarvalshúss svo að hún mætti renna til byggingar ríkislistasafns. Það væri nú munur ef menn á borð við Jóhannes Sveinsson Kjarval stæðu fyrir byggingarframkvæmdum ríkis og bæjar.